

Íbúáping sunnan Skarðsheiðar



Framtíð í þínum höndum!
Hvert skal stefna?

Unnið fyrir:
Hvalfjarðarstrandarhrepp
Innri-Akraneshrepp
Leirár- og Melahrepp

Umsjón:
Stjórnarsýsluráðgjöf ehf
Sími: 6931533

Janúar 2006

Efnisyfirlit

Kafi 1	
Íbúaping	4
<hr/>	
Kafi 2	
Verkefnin framundan	5
<hr/>	
Kafi 3	
Umræður vinnuhópa	7
3.1. Skóla- og fræðslumál	7
3.2. Skípulagsmál, umhverfi og samgöngur	15
3.3. Atvinnumál og stjórnsýsla	21
3.4. Áherslur unga fólksins	25
3.5. Hugmyndabankinn	26
<hr/>	
Viðauki A	
Dagskrá íbúapings	27



Gestir gengu í hús undir fögnum tónum og bjuggu sig undir ...



... það sem koma skal....

Fundarstjórninn



Kafli 1

Íbúáping

Sameiginlegt íbúáping í sveitarfélögunum sunnan Skarðsheiðar var haldið í félagsheimilinu Hlöðum í Hvalfirði laugardaginn 14. janúar 2006. Yfirskrift þingsins var “Framtíð í þínum höndum – Hvert skal stefna?”. Íbúáping er vettvangur þar sem íbúar geta haft áhrif á framtíð þess samfélags sem þeir búa í og verið beinir þátttakendur í virku íbúalýðræði. Markmið íbúáþingsins var að móta framtíðarsýn fyrir nýtt og sameinað sveitarfélag sunnan Skarðsheiðar.

Undirbúningur þingsins var í höndum sex manna undirbúningsnefndar sem skipuð var fulltrúum frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, Innri-Akraneshreppi og Leirár- og Melahreppi. Framkvæmdin var í höndum Stjórnsýsluráðgjafar ehf sem síðan naut dyggrar aðstoðar frá Rannsóknarmiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst við stjórnun vinnuhópa.

Við upphaf íbúáþingsins flutti Haraldur Benediktsson formaður Bændasamtakana og bóndi á Vestri-Reyni ávarp, þá sló Gísli Einarsson fréttamaður á léttu strengi og nemendur á unglíngastigi Heiðarskóla kynntu sitt framtíðarsveitarfélag en þeir höfðu unnið að slíku verkefni fyrir þingið.

Vinnan á íbúáþinginu fór að mestu fram í þremur vinnuhópum. Fyrsti hópurinn ræddi skóla- og fræðslumál og hafði einnig önnur fjölskyldumál á sinni könnu eftir því sem tími vannst til. Annar hópurinn fjallaði um skipulagsmál, umhverfi og samgöngur. Í þriðja hópnum var rætt fyrst og fremst um atvinnumál og stjórnsýslu.

Aðsókn að íbúáþinginu var framar björtustu vonum. Rúmlega 100 manns mættu og tóku virkan þátt í vinnuhópnum, auk þess sem mikið var spjallað yfir léttum hádegisverði og Hnallþórum í kaffitímanum. Fullyrða má að þátttakendur hafi endurspeglað alla íbú aflórana í hinu sameinaða sveitarfélagi hvað aldur, kyn og búsetu snertir. Að kvöldi þriðjudags 17. janúar mættu síðan um 50 manns til að hlíða á kynningu niðurstaðna og ræða hina nýju framtíðaráherslur sameinaðs sveitarfélags sunnan Skarðsheiðar.



Verkefnin framundan

Í þessum kafla eru teknar saman helstu niðurstöður búþingsins. Í þeim kristallast skoðanir og áherslur þeirra íbúa sem tóku til máls í vinnuhópunum þremur sem störfuðu á þinginu. Einnig má segja að hann birti framtíðarsýn nýs sveitarfélags út frá framtíðaráherslum íbúanna. Athuga ber að hér eru aðeins helstu verkefnin sett fram, en ítarlegri hugmyndir er að finna í þriðja kafla þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum hvers vinnuhóps fyrir sig.

- Mjög brýnt er að fram fari fagleg og rekstrarleg stefnumótun í skólamálu, með það að markmiði að ná sátt um stefnu og staðsetningu grunnskólans.
- Að flestra mati er húsnæði og aðstaða í Heiðarskóla óviðunandi bæði fyrir nemendur og starfsfólk.
- Byggja þarf nýjan grunnskóla með myndarlegum hætti sem allra fyrst og bæta þannig stórlega faglega og félagslega aðstöðu nemenda og starfsfólks.
- Íbúar hins sameinaða sveitarfélags vilja halda í það sem kallað hefur verið “sveitaskóli” sem einkennist af vernduðu og jákvæðu skólaumhverfi í nálægð við náttúruna.
- Flestir þeirra sem til máls tóku telja að nýr grunnskóli eigi að rísa í Melahverfi, en litlu færri töldu að byggja ætti nýjan skóla að Leirá og nýta að hluta byggingar núverandi Heiðarskóla.
- Fáir telja að skólinn eigi að vera staðsettur í Krosslandi, jafnvel þó spár um uppbyggingu íbúðahverfis þar gangi eftir.
- Allir sem tóku til máls á þinginu voru sammála um að ekki komi til greina að semja við Akraneskaupstað um skólalald.
- Til greina kemur að finna þurfi tvær lausnir í skólamálu, eina fyrir dreifbýlið og aðra fyrir þéttbýlið í Krosslandi ef af þeirri byggð verður.
- Gera þarf hagkvæmiathugun á því hvort framkvæmanlegt sé að bjóða upp á daglegar almenningsamgöngur í hinu nýja sveitarfélagi. Í þeirri athugun þarf m.a. að samtvinna akstur í skóla, til vinnu, vegna þjónustu og ástundun frístunda fyrir alla aldurshópa.
- Ný sveitarstjórn þarf að þrýsta á stjórnvöld um bætтар samgöngur á svæðinu.
- Bæta þarf netsamband, netöryggi og flutningsgetu í samvinnu við stjórnvöld og fjarskiptafyrirtækin, til þess að styrkja búsetuskilyrðin á svæðinu og jafna aðgang að fjarnámi og fjarvinnu.
- Móta þarf skýra stefnu í umhverfímálu, bæta umhverfisímynd svæðisins og huga betur að mengunarvernd.
- Bæta þarf almenningsamgöngur nýs sveitarfélags við höfuðborgarsvæðið og auðvelda þannig aðgang íbúa að hinum stóra sameiginlega vinnumarkaði þar.
- Skapa þarf fleiri störf fyrir konur á svæðinu, en einning þarf að skapa vellaunuð störf í þekkinariðnaði fyrir bæði kynin.
- Íbúar og sveitarstjórn þurfa að sýna meira frumkvæði við að markaðssetja svæðið og nýta þá miklu uppbyggingu og fjölgun starfa sem er að eiga sér stað á Grundartanga.
- Sveitarfélagið þarf að kanna möguleikana á því að ný störf í þjónustu og umsýslu fylgi auknum umsvifum við höfnina á Grundartanga.

- Ný sveitarstjórn þarf að styrkja stoðkerfi atvinnulífsins, styðja við bakið á frumkvöðlum og skipuleggja fleiri lóðir fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.
- Flestir eru sammála um að staðsetning stjórnarsýslunnar eigi að vera á Hagamel og áhersla er lögð á að húsnæði og aðstaða séu til staðar þegar ný sveitarstjórn tekur til starfa.
- Ráða þarf sveitarstjóra í fullt starf á faglegum forsendum og að auki 1-2 starfsmenn eftir því sem þörfin fyrir þjónustuna vex.
- Leggja þarf áherslu á að samnýta sem best allt starfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins, grunnskólans, leikskólans og fólk sem sinnir öðrum verkefnum.
- Auka þarf íbúalýðræði með reglubundnum atkvæðagreiðslum, íbúafundum og íbúapöngum um mikilvæg mál.
- Koma þarf upp vandaðri heimasíðu til að auka upplýsingaflæði til almennings og gera stjórnarsýsluna skilvirkari með rafrænni þjónustu.
- Kanna þarf möguleika á því að nýta félagsheimilin sem félagsmiðstöð ungs fólks, fyrir félagsstarf aldraðra og aðra starfsemi sem fellur að félagsheimilunum.



Kafli 3

Umræður vinnuhópa

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru í þremur vinnuhópum á íbúáþinginu að Hlöðum. Hér er ekki um tæmandi fundargerð að ræða, heldur samantekt á helstu niðurstöðum. Samantekt hvers hóps byggir fyrst og fremst á punktum tveggja fundaritarara og skýrslum hópstjóra í hverjum vinnuhópi. Hafa ber í huga að samantektin endurspeglar fyrst og fremst umræður og skoðanir þeirra einstaklinga sem tóku þátt í vinnuhópunum, en eru hvorki stefna eða áherslur þeirra sveitarfélaga sem stóðu að þinginu né þeirra einstaklinga sem höfðu umsjón með undirbúningi og framkvæmd íbúáþingsins. Varast skal að túlka samantekt umræðna og skoðana sem einhverjar niðurstöður eða samþykktir.

3.1. Skóla- og fræðslumál

Um 25 manns tóku þátt í umræðum vinnuhóps um skólamál auk þess sem fólk fór á milli hópa eftir því sem líða tók á daginn. Hópurinn endurspegladi vel íbúasamsetningu svæðisins hvað varðar búsetu, kyn og aldur. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá þar ungt fólk úr efri bekkjum Heiðarskóla sem lagði orð í belg um ýmis málefni. Hópstjóri var Sigurður Tómas Björvinsson, en ritarar voru Ingibjörg Guðmundsdóttir og Ottó Valur Ólafsson.



Fjórir valkostir

Áður en umræður hófust greindi Sigurður hópstjóri frá vinnu sem átt hefur sér stað í “nefnd um valkosti í skólamálum” í hinu nýja sveitarfélagi. Nefndinni var falið að kanna kosti og galla við eftirfarandi leiðir í skólamálum:

1. Að byggður verði nýr skóli við hlið núverandi Heiðarskóla að Leirá.
2. Að byggður verði nýr skóli á Hagamel (Melahverfi).
3. Að byggður verði nýr skóli í í nágrenni við nýtt hverfi í Krosslandi.
4. Að samið verði við Akraneskaupstað um aðgang nemenda að skóla,

Í kynningu Sigurðar kom fram að helstu kostir við nýbyggingu og áframhaldandi skólahald að Leirá væri m.a. nálægð við ósnerta náttúru sem geti haft jákvæð áhrif á skólastarf og aukið fjölbreytni í kennsluháttum. Þar væri sundlaug og lítið íþróttahús í félagsheimilinu. Að Leirá væri verndað umhverfi, t.d. fyrir umferð og minni hætta á óæskilegu áreiti á skólalóð, og börnin væru laus við svokallaða “sjoppumenningu”. Byggingarlandið er í eigu skólans, möguleiki er á að nýta eldri byggingar að hluta og að auki er skólaumhverfi og allir innviðir til skólahalds til staðar á svæðinu. Það væri því e.t.v. auðveldara að byggja nýjan skóla í áföngum á Leirá heldur en hinum stöðunum. Sigurður sagði helstu galla við skólahald að Leirá þá að staðurinn væri samgöngulega út úr í sameinuðu sveitarfélagi, nemendur kæmu mest frá Melahverfi í dag og spár geri ráð fyrir að fjölgun nemenda verði fyrst og fremst í þar og í Krosslandi á næstu árum. Þetta gæti þýtt að kostnaður við skólaakstur gæti hækkað og að ósætti gæti orðið um staðsetningu skóla ef 70% barna í nýju sveitarfélagi kæmu úr Krosslandi eins og spár gera ráð fyrir. Einnig var erfitt veðurfar, og þá sérstaklega í ríkjandi norðanátt, nefnt sem ókostur við þessa staðsetningu.

Helstu kostir við að færa skólahald í Melahverfi og byggja nýjan skóla þar er að staðurinn er miðssvæðis miðað við samgöngur og þar er stærsti íbúakjarninn í dag. Þar er leikskóli sem býður upp á samrekstur um húsnæði og faglega uppbyggingu. Veðurfar er mildara en á Leirá, og stutt í fjölbreytta náttúru sem hægt er að nýta til að efla kennsluna. Helstu veikleikar eru þeir að nálægð við stóriðju og þjóðveginn gætu haft neikvæð áhrif og að bygging grunnskóla er ekki á núverandi aðalskipulagi. Þá ríkir nokkur óvissa um frekari uppbyggingu þéttbýlis og fjölgun íbúa.

Helstu kostir Krosslands voru sagðir mikil uppbygging íbúðahúsa sem er fyrirhuguð á næstu árum - framkvæmdir eiga að hefjast vorið 2006. Þar er gert ráð fyrir allt að 1100 nýjum íbúum á fimm árum sem gæti þýtt að um 70% nemenda skólans yrðu frá þessu svæði árið 2011. Það er því líklegt að önnur þjónusta muni einnig byggjast upp í nágrenni Krosslands. Þar er gert ráð fyrir blandaðri byggð sem gefur kost á breidd í skólastarfi og getur viðhaldið dreifbýlisanda og tengslum við náttúruna. Hvað ókosti varðar við að fara þessa leið nefndi Sigurður að áhættusamt væri að byggja skóla þarna ef spár um íbúafjölgun í Krosslandi gengu ekki eftir. Einnig nefndi hann að skólinn yrði þá staðsettur í jaðri nýs sveitarfélags og því langur akstur í skóla fyrir börn frá öðrum svæðum. Þá væri sérstaðan sem felst í “sveitarskóla” í hættu ef þessi leið yrði valin og skólaumhverfið ekki eins verndað og í þeim tveimur kostum sem nefndir voru áður.

Að lokum var nefndur sá möguleiki að semja við Akraneskaupstað um skólavist nemenda en það virðist vera hagkvæmasti kosturinn samkvæmt því reiknilíkani sem liggur fyrir eftir vinnu áðurnefnds starfshóps.

Núverandi þjónustukjarni svæðisins er á Akranesi og líklegt að svo verði áfram. Nemendur eru nær íþróttum, tólstundastarfi, tónlistarskóla og jafnöldrum sínum. Ef fjölgunin verður mest í Krosslandi er styðst fyrir nemendur þaðan í skóla á Akranes. Þá kom fram að mögulegt væri að semja um skólavist fyrir hluta barna í sveitarfélaginu, þ.e.a.s. þau sem búa næst Akranesi og finna aðra lausn fyrir börn sem búa fjarri þéttbýlinu. Neikvæðu áhrif í sambandi við þessari leið voru sögð þau að sjálfstæði nýs sveitarfélags væri í hættu ef það héldi ekki úti eigin skólarekstri, og óheppilegt að þurfa að treysta á samninga við annað sveitarfélag um skólamál.

Þá væri “sveitaskóla-menningin” ekki lengur til staðar og mun meiri hætta á óæskilegu áreiti í umhverfinu. Nefnt var að fyrirhuguð fjölgun í sveitarfélaginu á næstu 2-5 árum dragi úr mikilvægi þess að semja við Akranes um skólavistun. Einnig kom fram í máli Sigurðar að ekkert lægi fyrir um vilja Akraneskaupstaðar um vistun skólabarna hins nýja sveitarfélags né hvað greiða þyrfti fyrir hana. Hann sagði

ennfremur að mjög neikvætt væri fyrir búa svæðisins að hafa engin áhrif á stefnu skólans, t.d. faglega uppbyggingu.

Hópstjóri óskaði eftir því að umræðan snerist til að byrja með um þau viðgangsefni eða vandamál sem við væri að etja í skólamálu, síðan um það hver væri draumastaðan og að lokum hvaða aðgerðir og leiðir væri hægt að fara til þess að leysa þau viðfangsefni sem nýtt sveitarfélag stæði frammi fyrir.



Ástand og aðstaða í núverandi skólahúsnæði

Fulltrúar í hópnum tjáðu sig almennt um staðsetningu skóla og þær hugmyndir sem hópstjóri kynnti í upphafi. Að því búnu ræddi hópurinn um ástand núverandi húsnæðis Heiðarskóla og aðstöðuna þar. Fram kom hjá þeim sem tóku til máls að húsnæðið er orðið mjög viðhaldsfrekt og þröngt bæði um nemendur og starfsfólk. Lítil sem engin aðstaða er fyrir tómsundur, tónlistarnám, íþróttir eða aðra sérhæfingu utan við hið hefðbundna bóknám. Fram kom að aðgengi fyrir fatlaða í skólanum væri takmarkað og því kæmi upp vandamál ef fatlaður nemandi hæfi nám við skólann. Nemendur lýstu þessu aðstöðuleysi líka á léttum nótum í kynningu sinni við upphaf íbúabings. Þeir nefndu m.a. að bjóða mætti upp á meiri sérhæfingu í námi og aukið verknám sem tengist til að mynda landbúnaði. En að sama skapi töldu þeir að almennt vantaði betri aðstöðu, stærri og sérhæfðari kennslustofur, ýmis kennslutæki og leiksvæði fyrir yngstu börnin.

Veðurfar er mjög óhagstætt við Heiðarskóla að mati margra í hópnum og tóku sumir svo djúpt í árinna að það hamlaði verulega nauðsynlegri útiveru, samgöngum og möguleikum á að nýta umhverfið og náttúruna með markvissum hætti til kennslu. Framan af snerist umræðan meira og minna um slæmt ástand skólahúsnæðisins og aðstöðuleysi jafnt nemenda sem starfsfólks. Ekki voru þó allir sammála þessu og einstaka maður í hópnum taldi að aðstaðan væri ágæt og auðvelt að bæta hana með betra viðhaldi en verið hafi.

Aðgerðir/leiðir

Því næst var rætt um hvernig bæta mætti ástand og aðstöðu skólans. Í stuttu máli voru flestir á því að byggja þyrfti nýjan skóla með myndarlegum hætti – og það sem fyrst. Mikilvægt væri að huga mjög vel að því að bæta alla aðstöðu fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk. Margir lögðu áherslu á að góð aðstaða fyrir tólmstundir, félagslíf, tónlistarnám og íþróttir ætti að hafa forgang í skipulagi og uppbyggingu nýs skóla. Einnig væri mikilvægt að hafa góðan samkomusal fyrir ýmsar skemmtanir og uppákomur. Bent var á að jafnvel væri hægt að nýta slíkan sal fyrir aðra hópa utan skólatíma, t.d. almenna fundi og félagsstarf fyrir aldraða.

Einnig var nefnt að hægt væri að nýta “gamla” Heiðarskóla að Leirá fyrir félagsstarf, tónlistarkennslu o.fl. ef ákveðið væri að byggja nýjan skóla, óháð því hvar nýr skóli verði byggður.

Einstaka fulltrúar í hópnum töldu að hagkvæmara væri að lagfæra núverandi skóla og nýta þær byggingar sem fyrir eru á skólasvæðinu að Leirá en meirihluti hópsins var fylgjandi því að nauðsynlegt væri að byggja nýjan skóla frá grunni.

Skólastefna og sérstaða skóla

Næst óskaði hópstjóri eftir því að rætt væri um skólastefnu og sérstöðu grunnskólans á svæðinu í samanburði við aðra skóla.

Allir sem tóku til máls voru sammála um að “sveitaskólastefnan” sem einkennir Heiðarskóla í dag skilaði góðum árangri og henni þyrfti að fylgja í nýjum skóla, hvar sem hann yrði staðsettur. Fólk taldi það vera forréttindi íbúa svæðisins að börnum væri keyrt í og úr skóla og að þau gætu stundað nám í vernduðu umhverfi eins og verið hefur við Heiðarskóla.

Fram kom hjá ýmsum sem hafa búið lengi á svæðinu og stunduðu nám í Heiðarskóla í æsku að þar hafi verið mikil áhersla á íþróttir á árum áður. Margir söknuðu þessarar sérstöðu skólans frá fyrri tíð, og töldu að þennan íþróttanda mætti endurvekja í skólanum með samstilltu átaki. Aðrir bentu á að áhersla á íþróttir, tónlist eða leiklist sveiflaðist bæði með tíðarandanum og stjórnendum skólans hverju sinni. Ungu fólkið í hópnum (núverandi nemendur) benti á að góð aðstaða og öflugt íþróttastarf væri eitt af því mikilvægasta sem skólinn þyrfti á að halda.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að bjóða upp á öfluga tónlistarkennslu við skólann eða í sérstökum tónlistarskóla sem sveitarfélagið gæti rekið. Í dag þurfa nemendur meira og minna að sækja tónlistarnám á Akranes og sérhæfðara nám jafnvel til Reykjavíkur.

Aðgerðir/leiðir

Bent var á að mikilvægt væri fyrir nýtt sveitarfélag að marka sér skýra og heildstæða skólastefnu í aðgerðum og leiðum, frá leikskóla og upp úr. Stefnan yrði að taka mið af aðstæðum og búsetu í sveitarfélaginu því hér sé um að ræða samfélag sem er blanda af dreifbýli og nokkrum þéttbýliskjörnum og hlýða beri á raddir þeirra sem núna búa í sveitarfélaginu.

Áhersla var lögð á að rekin yrði áfram “sveitaskóli” í vernduðu umhverfi fyrir börnin í sveitarfélaginu. Fram koma að þrátt fyrir að húsnæði og aðstaða skólans væru ekki til fyrirmyndar þá væri góður andi í Heiðarskóla og að mikilvægt væri að viðhalda þeim góða anda áfram.

Flestir sem tóku til máls lögðu til að skólinn markaði sér einnig faglega og kennslufræðilega sérstöðu með einhverjum hætti. Það mætti gera, t.d. með öflugu

tónlistarnámi, meiri áherslu á íþróttastarf, eða með námi tengdu atvinnulífi svæðisins, t.d. landbúnaði og stóriðju.

Staðsetning grunnskóla

Nú var umræðunni aftur vikið að spurningunni um það hvar ætti að byggja nýjan grunnskóla, ef slíkt væri nauðsynlegt til að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks. Þetta var greinilega “heitasta” umræðuefnið í vinnuhópnum og snerist umræðan fyrst og fremst um þær fjórar leiðir sem kynntar voru af hópstjóranum í upphafi. Þær eru:

1. Að byggður verði nýr skóli við hlið núverandi Heiðarskóla að Leirá.
2. Að byggður verði nýr skóli á Hagamel (Melahverfi).
3. Að byggður verði nýr skóli í nágrenni við nýtt hverfi í Krosslandi.
4. Að samið verði við Akraneskaupstað um aðgang nemenda að skóla.

Aðgerðir/leiðir

Flestir sem tóku til máls mæltu með því að nýr skóli verði byggður í Melahverfi (Hagamel) og yrði staðsettur við hlið núverandi leikskóla. Þannig væri auðveldara að koma sameiginlegri og heildstæðari skólastefnu í framkvæmd og einnig væri hægt að samnýta starfsfólk að hluta, t.d. yfirstjórn og á skrifstofu. Einnig var bent á að sama húsnæði mætti jafnvel nýta fyrir aðra þjónustu, svo sem undir skrifstofu fyrir sveitarstjórn, tónlistarskóla og félagsstarf aldraðra. Á Hagamel er núverandi þéttbýli svæðisins og líkur á að fólki fjölgi þar á næstu árum. Þeir sem mæltu á móti skóla í Melahverfi töldu ýmist að skólastarfi væri betur komið í núverandi umhverfi á Leirá eða að stutt væri í að þéttbýliseinkenni og “sjoppu-menning” yrðu ráðandi á svæðinu. Einnig voru margir í hópnum sem mæltu með nýrri skólabyggingu að Leirá og lögðu um leið áherslu á að eldra húsnæði Heiðarskóla yrði nýtt áfram af skólanum. Til dæmis fyrir tónlistarnám, tómstundastarf og jafnvel aðra starfsemi sveitarfélagsins. Eins var bent á að hefð væri fyrir skólastarfi á Leirá og öll umgjörð og umhverfi til skólahalds til staðar. Einn í hópnum benti á að Heiðarskóli ætti landið við skólann, sundlaug og eigin hitaveitu sem hlýtur að vera einhvers virði og vega þungt í ákvörðun um staðsetningu. Á móti var bent á að núverandi húsnæði væri barn síns tíma og ekki væri endalaust hægt að búa við skammtímalausnir og bráðabirgðaviðhald.

Þeir fáu sem mæltu með skóla í Krosslandi bentu á að það væri nær annarri þjónustu sem börn og foreldrar eru að sækja í dag á Akranes, og því væri rökrétt að staðsetja skóla þar. Bent var á að foreldrar þurfa að keyra börn sín t.d. í tónlistarskóla, íþróttir og til að sækja annað félagslíf á Akranesi – auk þess sem heimilin sækja þangað verslun og þjónustu meira og minna. Þá kom fram að ef áform um 1100 manna þéttbýli í Krosslandi yrðu að veruleika þá væri líklegt að krafa um skóla þar kæmi fljótlega upp hjá íbúum. Þegar hér var komið sögu benti einn í hópnum á að staðsetning nýs skóla ætti að taka mið af því hvar íbúar búa í dag en ekki eftir 5-10 ár. Ný sveitarstjórn eigi að fara eftir vilja þeirra íbúa sem búa núna í sveitarfélaginu. Margir tóku undir þetta sjónarmið. Einnig var því haldið fram að “sveitaskólahugtakið” væri dautt ef skólinn yrði í Krosslandi. Hins vegar væri mögulegt að halda sveitarskólanum við hvort sem væri á Leirá eða á Hagamel.

Allir sem tóku til máls voru sammála um að ekki kæmi til greina að semja við Akranes um skólahald. Þeir bentu á að skólastarfið væri hjarta hvers sveitarfélags og án skóla væri alveg eins gott að sameinast öðru sveitarfélagi. Í þessu sambandi væri

mikilvægt að láta val á staðsetningu skóla ekki eingöngu ráðast af fjárhagslegum þáttum, heldur væri nauðsynlegt að hafa félagslega og faglega þætti að leiðarljósi.

Einnig var þeirri hugmynd varpað fram að e.t.v. þyrfti að blanda einhverjum af þessum leiðum saman til þess að finna endanlega lausn á skólahláði í nýju sameinuðu sveitarfélagi. Til dæmis væri hægt að hugsa sér að yngri bekkir væru staðsettir á sama stað og leikskólinn í Melahverfi en eldri bekkir yrðu áfram í Heiðarskóla á Leirá og yrðu þá áfram verndaðir fyrir “sjoppu-menningu” og óæskilegum þéttbýlisáhrifum! Þá var bent á að e.t.v. væri nauðsynlegt að finna sérstaka lausn fyrir íbúa Krosslands þegar þar að kæmi. Annað hvort með sérstökum skóla þar eða að semja um skólavist fyrir nemendur í Grundaskóla á Akranesi.

Að lokum var því komið á framfæri að taka þyrfti ákvörðun um staðsetningu nýs skóla fljótlega. Það væri betra fyrir væntanlega íbúa Krosslands að þeir viti að hverju þeir ganga í skólamálu, þ.e.a.s. að keyra þurfi börn þeirra að Leirá eða á Hagamel eftir því hvor kosturinn yrði valinn. Ekki voru allir sammála þessu og bentu á nauðsyn þess að beðið væri með staðarval fyrir skóla í eitt til tvö ár í þeirri von að betri sátt náist um staðsetningu skóla.

Skólaakstur

Næst var rætt sérstaklega um skólaakstur sem er stór þáttur í rekstri skólans og nokkuð sem “sveitaskólar” bjóða upp á eða þurfa að búa við – eftir því hvernig á það er litið. Fram kom að ferðin er mjög löng fyrir þau börn sem koma lengst að. Þetta kom t.d. sérstaklega fram í kynningu nemenda Heiðarskóla sem áður hefur verið minnst á. Einnig var rætt um hvað skólaakstur vegur þungt í heildarkostnaði í rekstri skólans. Í inngangi hópstjóra kom fram að kostnaður við skólaakstur skiptir verulegu máli fyrir staðarval nýs skóla, og óvissa um fjölgun nemenda á ákveðnum svæðum geri ákvörðunartöku mun erfiðari.

Aðgerðir/leiðir

Flestir voru á þeirri skoðun að taka þyrfti mið af því hvar flest börnin búa og lágmarka þannig skólaakstur. Bent var á að í dag búa um 30% nemenda á Hagamel og um 70% nemenda muni hugsanlega búa í Krosslandi eftir 5-6 ár. Þetta séu tölur sem taka þurfi tillit til, en kostnaður við skólaakstur sé ekki mikilvægari en fagleg uppbygging skólans. Nauðsynlegt sé hins vegar að lágmarka þann tíma sem fer í skólaakstur hjá nemendum og spara um leið peninga.

Bent var á að ekki hafi farið fram opið útboð á skólaakstri mjög lengi. Nauðsynlegt væri að bjóða út skólaakstur með það að markmiði að lækka kostnað. Einn íbúi lagði til að kannað yrði hvort hægt væri að samnýta skólaakstur og akstur starfsfólks til vinnu í fyrirtækjunum á Grundartanga. Skiptar skoðanir voru um þessa hugmynd – sumir bentu á að slíkt færi ekki vel saman á meðan aðrir bentu á að svona akstur væri ekkert annað en skipulagðar áætlunarferðir eða almenningsgöngur. Umræðan spannst síðan



um nauðsyn þess að taka upp almenningssamgöngur í nýja sveitarfélaginu, t.d. til að auðvelda börnum, öldruðum og fleiri hópum að sækja tómsundur, félagsstarf og íþróttir. Í þessu sambandi var einnig rætt um þá hugmynd að foreldrar samnýti bíla með skipulögðum hætti. Nokkuð sem kallast “car-pooling” og hefur reynst vel víða erlendis.

Leikskólar

Fram kom að ástand í leikskólamálum er almennt gott. Rekin er leikskóli í Melahverfi og þar hefur ekki verið biðlisti fyrir börn að undanfögnu. Foreldrar sjá sjálfir um að keyra börn sín til og frá leikskóla sem er mjög tímafrekt fyrir þá sem lengst þurfa að fara. Fyrir nokkrum árum var rætt um að taka upp akstur á leikskóla þar sem sérstakur starfsmaður tæki við börnunum í rútunni. Hugmyndin fékk ekki jákvæð viðbrögð á þeim tíma.

Aðgerðir/leiðir

Fundarmenn voru sammála um að huga þyrfti að byggingu fleiri leikskóla eftir því sem íbúum fjölgaði. Fram kom að gert er ráð fyrir nýjum leikskóla í Krosslandi og fannst fólki eðlilegt að dreifa leikskólum í samræmi við íbúa- og þéttbýlisþróun.

Bent var á að upplagt væri að samnýta starfsfólk, yfirstjórn og húsnæði leikskóla og grunnskóla. Það væri best gert með því að staðsetja nýjan skóla við hlið núverandi leikskóla í Melahverfi.

Framhaldsskólar og fjarnám

Ekki var mikið rætt um framhaldsskólástigið í vinnuhópnum. Flestir unglingar stunda nám við Fjölbautaskólann á Akranesi, aðrir sækja nám til Reykjavíkur og sumir munu eflaust nýta sér nýjan framhaldsskóla sem fyrirhugaður er í Borgarnesi á næstu árum. Helsta vandamálið hefur verið að koma nemendum á fyrsta ári til skóla á Akranesi þar sem almennin gssamgöngur skortir.

Aðgerðir/leiðir

Lagt var til að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að “fjölbautaskólarúta” keyri um sveitirnar til að auðvelda framhaldsskólanemum að stunda nám á meðan þeir búa í foreldrahúsum. Þessa hugmynd mætti framkvæma í tengslum við rekstur almennin gssamgöngna á svæðinu.

Fram kom að margir fullorðnir nýta sér þann kost að stunda fjarnám í framhaldsskólum, háskólum eða öðrum sérskólum. Vandamálið er að netsamband er víðast hvar óviðunandi. Lögð var áhersla á að ný sveitarstjórn beiti sér fyrir því að bæta netsamband, netöryggi og flutningsgetu í samvinnu við stjórnvöld og fjarskiptafyrirtækin.

Önnur viðfangsefni

Flestir þeirra sem til máls tóku voru sammála um að vel væri staðið að félagslegri þjónustu og umönnun aldraðra á svæðinu. Þó mætti alltaf gera betur. Mikilvægt væri að gera eldra fólki kleift að vera heima eins lengi og hægt væri, með öflugri heimaþjónustu. Einnig mætti e.t.v. byggja upp félagsstarf aldraðra í nýja sveitarfélaginu, en hingað til hafa aldraðir þurft að sækja skipulagt félagsstarf á Akranes. Fram kom að nýta mætti félagsheimilin fjögur í þetta starf og einnig mætti

nýta þau sem félagsmiðstöð unga fólksins en það var einmitt ein af hugmyndum nemenda úr eldri bekkjum Heiðarskóla sem kynnt var á íbúáþinginu.

Vinnuskóli hefur verið rekin með mismunandi “blóma” undanfarin ár. Fram kom í máli eins af fulltrúum unga fólksins að bæta þyrfti vinnuskólann, t.d. með því að lengja vinnutímann og kanna hvort möguleiki sé á samstarfi við stóriðjuna á Grundartanga.



3.2. Skipulagsmál, umhverfi og samgöngur

Alls tóku um 20 manns þátt í umræðum í vinnuhópi um skipulagsmál, umhverfi og samgöngur. Í hópnum var góð blanda af íbúum og flestir tóku virkan þátt í umræðum og skoðanaskiptum. Nokkuð var um að fólk færi á milli hópa þegar líða tók á daginn. Hópstjóri var Hólmfríður Sveinsdóttir og ritarar voru Dofri Hermannsson og Arndís Steinþórsdóttir.



Staðsetning grunnskóla

Til að byrja með fór talsverður tími í að ræða staðsetningu grunnskóla í nýju sveitarfélagi. Vitað var að málefnið var til umræðu í öðrum vinnuhópi en reynt var að stýra umræðunni þannig að hún snerist meira um skipulagshluta og staðarval fyrir nýja grunnskólabyggingu fremur en skólamál almennt. Fundarmenn voru eindregið þeirrar skoðunar að nýtt sveitarfélag verði að eiga og reka eigin grunnskóla. Þeir töldu að ekki kæmi til greina að semja alfarið við annað sveitarfélag um þá grunnþjónustu. Einn þátttakandi orðaði það svona: “Hafa þarf hugfast að fjölskylda barns tilheyrir því samfélagi þar sem skóli barnsins er”. Grunnskólinn er einskonar “lím” samfélagsins og afar mikilvægur hvernig sem á það er litið. Hann hefur mikið að segja um búsetuskilyrði í nýju sveitarfélagi. Einnig var bent á að foreldrar eru mun hreyfanlegri en börnin, ef ekki er vinnu að hafa í sveitarfélaginu þá geta foreldrarnir sótt hana annað. Annað gildir um börnin.

Aðgerðir/leiðir

Fundarmenn voru sammála um að áfram eigi að reka “sveitaskóla” í vernduðu umhverfi en ekki hefðbundin þéttbýlisskóla sem hann óhjákvæmilega yrði ef skólinn yrði byggður upp í Krosslandi. Þetta var einróma skoðun þeirra sem til máls tóku. Það eru forréttindi að börnin fari með rútu til og frá skóla, að skólinn sé í vernduðu og náttúrulegu umhverfi, fjarri allri “sjoppumenningu” þéttbýlisins. Þátttakendur töldu að velja þurfi um tvo kosti varðandi staðsetningu skólans; Leirá og Melahverfi. Ákvörðun um staðsetningu skólans þurfa núverandi íbúar að taka sem fyrst, óháð hugsanlegri uppbyggingu í Krosslandi.

Rætt var um að skipulag væri tæki fyrir sveitastjórn og íbúa. Það tæki á t.d. að nota til að ákveða hvar grunnskóli verður staðsettur til framtíðar. Ekki að láta tilviljun ráða því. Íbúarnir verði að horfa til framtíðar, næstu 15-20 ára. Það sama á við um staðsetningu þéttbýliskjarna. Taka þarf ákvörðun um staðsetninguna og vinna út frá henni.

Fundarmenn voru sammála um að huga þurfi vel að þeim eignum sem eru í og við Heiðarskóla, óháð niðurstöðu um staðsetningu grunnskóla. Ef skólinn verður ekki staðsettur þar þá þarf að ákveða hvað verður um þau verðmæti sem vissulega eru þar fyrir hendi. Ef að skólinn verður þar áfram þá þarf að huga að því hvernig hægt er að nýta það sem fyrir er. Bent var á að Heiðarskóli á sér fjörutíu ára sögu og það eru því líka tilfinningaleg rök fyrir því að skólinn verði áfram á sama stað.

Tveir unglingar sátu um stund í vinnuhópnum og aðspurðir sögðust þeir vera mjög ánægðir með núverandi staðsetningu og vilja að skólinn verði áfram miðsvæðis í sveitarfélaginu.

Samspil þéttbýlis og dreifbýlis

Rætt var um fyrirhugaða íbúðabyggingu í Krosslandi. Menn voru ekki á einu máli um hversu hröð uppbygging yrði þar. Trúlega muni framkvæmdir við fyrirhugaða Sundabraut hafa talsverð áhrif.

Umræða var um hvort hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hefði á sínum tíma átt að selja Skagamönnum Krosslandið. Miðað við fyrirhugaða uppbyggingu þar gæti það átt meiri samleið með þéttbýlinu á Skaganum. Einhverjir voru hræddir um að ef að stór hluti íbúanna í nýju sveitarfélagi verði með lögheimili í Krosslandi þá munu þeir sem nú þegar búa í dreifbýlinu ekki hafa mikið að segja um skipulagsmál.

Þeirri spurningu var varpað fram hvort skóli og stjórnsýsluhús ætti að vera á sama stað og voru skiptar skoðanir um það. Einhverjir voru þeirrar skoðunar að það gæti verið hagræði í því þar sem hægt væri að samnýta stjórnsýslu skólans og sveitarfélagsins að einhverju leyti, svo sem starfsmenn og tæki. Fram kom að ákvörðun um að staðsetja skólann og stjórnsýsluhús á sama stað muni leiða til þéttbýlismyndunar á þeim stað.

Aðgerðir/leiðir

Ræddur var sá möguleiki að hafa sérstaka deild fyrir yngstu bekkina í Krosslandinu eða jafnvel að kaupa þjónustu af Akurnesingum, ef spár um uppbyggingu gengu eftir. Hugsanlegt væri að þá þyrfti tvær lausnir, einn skóla fyrir dreifbýlið og annan fyrir þéttbýli í Krosslandi. Fram kom að sú ákvörðun yrði að bíða síns tíma. Það gæti líka komið til greina í framtíðinni að hafa tvo skóla, þ.e. skóla fyrir yngri börn á einum stað og eldri nemendur á öðrum stað, eða einn skóla fyrir Krosslandið og nágrenni og annan fyrir dreifbýlið.

Á það var bent að gert sé ráð fyrir minni íbúðum að hluta til í Krosslandi og ungt fólk sæki frekar í þær. Það gæti því mælt með því að þar yrði byggður upp skóli þar sem það gæti fælt foreldra barna á grunnskólaaldri frá búsetu þar ef ekki er skóli í næsta nágrenni. Á móti þessum rökum var bent á að kostir sveitaskóla væru margir og ef nýir íbúar sætta sig ekki við þannig fyrirkomulag þá yrðu þeir bara að leita annað með búsetu. Bent var á að ef grunnskóli yrði í Krosslandi væri hann þéttbýlisskóli. Lögð var áhersla á að eyða sem fyrst óvissu um staðsetningu grunnskóla og að taka ákvörðun um að byggja upp framtíðar grunnskóla miðsvæðis í nýju sveitarfélagi. Þetta þyrfti að gerast áður en núverandi íbúar missa hugsanlega ákvörðunarréttinni í hendur framtíðaríbúa Krosslands. Hafa verður í huga að þeir íbúar sem koma til með

að búa í Krosslandi væru eðli málsins samkvæmt ekki á þessum fundi og gætu því ekki látið í sér heyra.

Vaxandi sumarhúsabyggð var til umræðu í sambandi við skólamál og skipulagsmál almennt. Þar sem fleiri og fleiri eru að byggja sér heilsárshús og búið er að opna fyrir þann möguleika að hafa lögheimili í þessum húsum þá er ekki ósennilegt að í nánustu framtíð muni íbúar þessara húsa koma til með að nýta sér skólaláþjónustu sveitarfélagsins.

Umhverfismál og iðnaðarsvæði

Talsverð umræða var um þá starfssemi sem er á Grundartanga. Fram kom að trúlega væri búið að blása rafskautaverksmiðjuna af, í bili að minnsta kosti. Þó eru öll leyfi fyrir hendi. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess að fá slíka verksmiðju í sveitarfélagið. Sumum finnst hræðilegt að bæta enn einni stóriðjunni við en aðrir bentu á að mengunarvarnir væru orðnar mjög góðar. Rafskautaverksmiðjan kæmi til með að brenna olíu en hún ætti þó ekki að menga mikið þar sem hreinsibúnaðurinn er góður, ef hann virkar. Fram kom sú skoðun að rafskautaverksmiðja væri langt því frá mengunarlaus og hætta væri á að hún sendi frá sér ýmis krabbameinsvaldandi efni. Rætt var um að á Grundartanga væru aðallega svokölluð karlastörf en skortur væri á kvennastörfum í sveitarfélaginu. Reyndar er spurning hversu mikið sveitarfélagið hafi um það að segja hvernig uppbygging þróast á Grundartangasvæðinu. Það séu ýmsir aðrir sem hafa þar mikið um að segja, t.d. Faxaflóahafnir. Bent var á að ekki væri ósennilegt að byggt verði upp allsherjar hafnarsvæði fyrir suðvesturhornið á Grundartanga. Sveitarfélagið hefur í raun afsalað sér talsverðum völdum með sölu á jörðum í kringum Grundartanga.



Aðgerðir/leiðir

Gæta verður að þynningarsvæði Grundartanga verði ekki of stórt, hvað mengun varðar. Verði það of stórt er hætt við að t.d. Melahverfið lendi innan þess og þá er svo gott sem útséð með að staðsetja þar grunnskóla.

Rætt var um nauðsynlegt væri fyrir sveitarfélag sem er með tvær stóriðjur að vera virkt í umhverfismálum. Mælt var með því að nýtt sveitarfélag gerðist aðili að

Staðardagskrá 21. Fundarmenn voru sammála um að í nýju sveitarfélagi yrði að vera sérstök umhverfisnefnd sem eingöngu hefði umhverfismál á sinni könnu en ekki líka skipulagsmál eins og oft er hjá sveitarfélögum.

Fram kom að mikil mengun væri á hafnarsvæðinu. Ekki er alveg ljóst frá hverju sú mengun stafar en greinilegt að eftirlit þarf að vera virkara. Umhverfisstofnun á að hafa virkt eftirlit með því að mengun sé undir leyfilegum mörkum. Í dag er það mengunaraðilinn sjálfur sem sér aðallega um mengunarmælingar og er það galli. Bent var á að ekki mætti gera lítið úr þeirri staðreynd að þó nokkuð væri um að skip strönduðu við höfnina sem hefur mikla mengunarhættu í för með sér. Það ætti ekki hvað síst við ef rafskautaverksmiðjan yrði að veruleika þar sem hún yrði keyrð á olú. Jafnframt var bent á að þeir sem stunda landbúnað og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu gætu skaðast á nálægðinni við Grundartanga.

Sveitarfélagið sjálft á að vera mun virkara á umhverfisvaktinni og nauðsynlegt er að veita þeim fyrirtækjum sem þarna eru sýnilegt og gott aðhald. Ef sveitarfélagið og íbúar þess eru ekki vakandi yfir umhverfismálum í tengslum við Grundartanga þá er ekki hægt að búast við að aðrir séu það. Einhver sagði að nágrannarnir á Akranesi hefðu t.d. ekki miklar áhyggjur af mengun þarna og gæti ástæða þess verið sú að Akrafjallið skyggi á og því er svæðið ekki sýnilegt frá Akranesi. Það sé ekki þeirra vandamál (NIMBY einkennið – “not in my backyard”).

Íbúar sveitarfélagsins þurfa að taka ákvörðun um hvort þeir vilji byggja upp frekari stóriðju í sveitarfélaginu eða hvort leggja eigi áherslu á aðra atvinnuuppbyggingu. Ef sveitarfélagið vill koma í veg fyrir frekari uppbyggingu á stóriðnað þá þarf sveitarfélagið e.t.v. að fara í keppni um landið sem er afar verðmikið. Spurning hvort að sveitarfélagið hafi burði til þess.

Fjarskipti og nettengingar

Verið er að leggja ljósleiðara þvert í gegnum sveitarfélagið. Ljósleiðarinn er þó ekki að gagnast íbúunum þar sem rándýrt er að tengja hann heim á bæina. Hins vegar eru þráðlausu sendarnir alltaf að batna og möguleiki að nota þá til að byggja upp netsamband í sveitarfélaginu. Fram kom að þó nokkrum þykir þjónustan frá Emax ekki nógu góð. Einnig kom fram að verið sé að leggja tvö kerfi inn á nýju byggðina í Krosslandinu. Orkuveitan leggur sitt kerfi um leið og hún leggur fyrir vatni og Síminn leggur annað.

Aðgerðir/leiðir

Allir voru sammála um að það væri forgangsatriði að hafa aðgang að fyrsta flokks nettengingum í sveitarfélaginu enda skiptir það miklu máli fyrir alla atvinnustarfssemi og líka fyrir skólann. Auk þess hefur góð nettenging áhrif á fasteignaverð og hefur þannig áhrif á búsetuskilyrði og möguleika fólks á að stunda nám og vinnu frá heimili sínu.

Samgöngur á vegum

Ómalbikaðir vegir innan sveitarfélagsins eru óviðunandi, og kom það m.a. fram í umræðunum um staðsetningu grunnskólans. Auk þess eru brýr víða það lélegar að ekki er hægt að fara um þær með stórar vinnuvélar eins og krana.

Þjóðvegur 1, sem liggur í gegnum sveitarfélagið, er á mörgum stöðum mikil slysaöldra og fram kom að mikil þörf væri á nýjum aðreinum inn á þjóðveginn.

Heyrst hefur að verið sé að athuga að færa þjóðveginn frá Hafnarfjallinu og niður að sjó. Aksturstími skólabíla var líka til umræðu.

Aðgerðir/leiðir

Mikilvægt er að samgöngur séu greiðar innan sveitarfélagsins þar sem margir þurfa að sækja vinnu utan heimilis. Þar fyrir utan eykst umferðin sífellt og getur rykmengun verið gífurleg þar sem ómalbikað er.

Allir voru sammála um að þörf væri á að boða til sérstaks fundar um samgöngumál. Helst þyrfti að hafa starfsmenn Vegagerðarinnar með á þeim fundi, og fram kom sú skoðun að það virðist oft vera þrautin þyngrri að eiga við Vegagerðina, sérstaklega fyrir einstaklinga.

Samgöngubætur hafa gríðarlega mikið að segja um akstur til og frá skóla, hver sem framtíðarskólinn verður. Þannig er mikilvægt að leggja bundið slitlag á veginn í Svínadal og í Leirár- og Melahreppi. Slíkar vegabætur myndu stytta tíma nemenda í skólabíl og gera aksturinn öruggari og þægilegri.

Almenningssamgöngur

Nokkur umræða var um nauðsyn þess að koma á almenningssamgöngum í nýju sveitarfélagi. Þó var fólk almennt á þeirri skoðun að það væri óraunhæft að sveitarfélagið sjálft héldi úti reglulegum almenningssamgöngum. Foreldrar eru mikið að keyra börn sín í tónlistarskóla og tómstundir.

Aðgerðir/leiðir

Fram kom sú hugmynd að kortleggja allar þær ferðir sem rútur (skólabílar) eru að fara tómar um sveitarfélagið og hvort nýta mætti þær ferðir. Hér er átt við skólabíla sem keyra börnin í eða úr skóla og fara svo tómir til baka. Jafnframt þyrfti að skoða möguleika á að foreldrar komi upp einskonar samkeyrslukerfi (car-pool) þar sem nokkrum börnum/unglingum er safnað í einn bíl þegar verið er að ferja þau úr og í ýmskonar félagsstarfi eða öðrum uppákomum eins og afmælum.

Frístundabyggð og dreifð byggð

Frístundabyggð hefur verið skipulögð mjög víða um sveitarfélagið. Skiptar skoðanir voru um hvort það ætti að hafa sumarhúsabyggðir sem dreifðastar eða hvort ætti að skipuleggja stærri svæði undir frístundabyggð. Gagnrýnt var að sveitarfélögin fjögur sem nú eru að sameinast hafi ekki haft með sér samstarf um skipulagningu frístundabyggða.

Aðgerðir/leiðir

Sveitarfélagið ætti að móta heildstæða stefnu hvað varðar frístundabyggð og svokallaða dreifða byggð (heilsársbyggð) til þess að stjórna því hver þróunin verður. Líklegt er að einhverjir muni flytja lögheimili í frístundahús og þá þarf að vera búið að ákveða hvaða þjónustu á að veita þeim íbúum.

Önnur málefni

Fram kom að sorp er sótt heim á alla bæi en það vantar að staðsetja flokkunargáma á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Bent var á að vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þá muni það þvinga okkur í átt að aukinni flokkun. Það kann líka að

vera raunin í nánustu framtíð þar sem Gámaþjónusta Akraness hefur boðist til að flokka grófflokkað sorp. Sorpmagn er alltaf að aukast og það er meginregla að mengandinn þarf að borga. Það er því ekki óeðlilegt að sorphirðugjald verði innheimt í nýju sveitarfélagi.

Rætt var um átak í lagningu reiðvega inn með Hvalfirðinum og einnig þyrfti að gera átak í lagningu göngustíga, sérstaklega á útivistarsvæðinu í Botnsdal.

Fram kom sú skoðun að ekki ætti að byggja á bökkum laxveiðiaá. Bæði út frá verndunarsjónarmiðum og líka að ákveðið svæði meðfram ám gæti áfram nýst sem útivistarsvæði fyrir almenning.

Þriggja fasa rafmagn þarf að ná um allt sveitarfélagið af öryggisástæðum og eins til að tryggja skilyrði smáíðnaðar. Það er vandræðaástand á rafmagninu og RARIK og Landsvirkjun kenna hvort öðru um. Þetta skemmir tækjabúnað upp á stórfé árlega og veldur miklum óþægindum.

Meira þarf af köldu vatni á ákveðin svæði og svo má án vafa finna meira heitt vatn með markvissum rannsóknum og borunum.



3.3. Atvinnumál og stjórnsýsla

Í vinnuhópinn mættu alls 16 manns, með fjölbreyttan bakgrunn og dreifða búsetu á svæðinu. Umræður fóru fram á breiðum grundvelli, en fólk komst nokkuð fljótt að kjarna mála og ágæt samstaða náðist um ýmis mikilvæg áhersluatriði áður en yfir lauk. Hópstjóri var Grétar Þór Eyþórsson og ritarar voru Bárður Örn Gunnarsson og Valgeir Jens Guðmundsson

Almennt ástand í atvinnumálum

Flestir voru sammála um að atvinnuástandið væri almennt gott, enda mikil eftirspurn eftir vinnuafli á Grundartanga. Það var hinsvegar samdóma álit hópsins að sárlega vantaði fleiri og fjölbreyttari störf fyrir konur. Það var einnig talið vandamál í þessu tilliti að flestir eiga langan veg að fara til vinnu og því þyrfti að færa atvinnutækifærin nær fólkinu. Þetta gildi ekki síst um konur sem gætu síður sótt vinnu um langan veg vegna þess hversu algengt væri að þær bæru hita og þunga af heimilishaldi.



Aðgerðir/leiðir

Hópurinn telur að skapa þurfi fleiri hefðbundin kvennastörf í umönnunargeira á svæðinu og líka hærri launuð sérfræðistörf fyrir konur. Miklir möguleikar eru taldir vera fólgnir í ýmsum skrifstofu- og umsýslustörfum sem gætu skapast vegna stóraukinnar hafnarstarfsemi á Grundartanga. Var tollafgreiðsla m.a. nefnd í þessu sambandi.

Nauðsynlegt er að bæta almenna þjónustu og aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi og nýja íbúa í sveitarfélaginu áður en hægt verður að taka á móti fleira fólki. Nauðsynlegt er að bjóða upp á samkeppnishæfa aðstöðu í því tilliti, enda hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið og Akranes.

Þá þarf nauðsynlega að fjölga rútuferðum bæði innan svæðisins sem og til Reykjavíkur. Einnig var nefnd þörf á að fólk auki samkeyrslu (car pooling). Sú skoðun kom fram að öflugasta lausnin væri að bæta almenningsgöngur við Reykjavík – m.a. vegna þess að þar eru mun hærri laun í boði en á svæðinu.

Stóriðja og hafnarstarfsemi

Ljóst virðist að gríðarleg fjölgun starfa er framundan í stóriðju, margskonar flutningastarfsemi, þjónustu og umsýslu. Allt tengist þetta Grundartangasvæðinu, bæði stóriðjunni svo og uppbyggingu tengdri Faxaflóahöfnum. Sumir í hópnum bentu á að störf af þessu tagi væru gjarnan hefðbundin kvennastörf, en þetta væru ekki illa launuð kvennastörf og eiga því að geta skilað sér í miklum mæli til íbúa svæðisins. Þessi starfsemi er lykilatriði í að efla atvinnumöguleika kvenna og styrkja grundvöll búsetunnar.

Aðgerðir/leiðir

Mikilvægt er að íbúar og sveitarstjórn sýni frumkvæði og markaðssetji svæðið betur. Þrýsta þarf á og beita faglegru markaðsstarfsemi til þess að lokka fyrirtæki til að flytja frá Reykjavík á Grundartanga.

Til þess þarf sveitarfélagið að vera tilbúið með alla þjónustu, aðstöðu og í raun það stoðkerfi sem ný fyrirtæki þarfnast. Skipuleggja þarf fjölbreyttar tegundir lóða fyrir atvinnustarfsemi á Grundartanga. Leggja þarf áherslu á að skapa þekkingarstörf fremur en frumvinnslustörf, en það er nauðsynlegt til þess að halda í ungt fólk sem búið er að mennta sig. Þarna á meðal annars að nýta þá uppbyggingu sem nú á sér stað í kringum höfnina.

Landbúnaður og ferðaþjónusta

Fram kom að meira er framleitt af kjöti og mjólk á svæðinu en fyrir ca. 15 árum. Færri störf liggja þó að baki þeirri framleiðsluaukningu en áður. Íbúar svæðisins eru þó meðvitaðir um þá samþjöppun sem á sér almennt stað í landbúnaði og fjirsjáanlega fækkun starfa í greininni. Þá er einnig líklegt að landbúnaður hofi að einhverju leyti undan þéttingu byggðar.

Einnig var rætt um að mikil samkeppni er í ferðaþjónustu milli svæða á Íslandi og ennfremur bent á að frumkvöðlar fá ekki nógu mikla hvatningu hvort sem er í ferðaþjónustu eða öðrum atvinnugreinum.

Aðgerðir/leiðir

Ein hugmynd er að fjölga landbúnaðartengdum störfum á svæðinu með fullvinnslu á kjöti. Þar er nálægðin við höfuðborgarsvæðið lykilatriði að mati íbúa.

Gera þarf átak í að kynna “perluna Hvalfjörð”, náttúru, menningu, sögu og þá ekki síst atvinnusöguna. Þar er mikið hugsað til hvalstöðvarinnar – bæði hvalveiða og hvalskurðs, en einnig staða eins og Þyrils og Botnsdals. Mikilvægt er að reyna hafa stjórn á straumi ferðafólks inn á svæðið til að það verði ekki fyrir of miklum ágangi. Þarna verður að ná sátt við landeigendur, atvinnurekendur og bændur.

Þá var nokkuð rætt um að það þurfi að breyta umhverfisímynd svæðisins sem hefur of mikla slagsíðu af stóriðju, hvalveiðum áður fyrr og NATÓ stöð í Hvalfirði.

Staðsetning stjórnsýslu

Rætt var um það húsnaði sem til staðar er og mætti nýta sem skrifstofu fyrir stjórnsýsluna. Rætt var um félagsheimilin eða svokallaðan “sumarbústað” á Hagamel. Mikilvægt er talið að hafa stjórnsýsluna miðsvæðis landfræðilega til þess að undirstrika að svæðið sé sveitarfélag en ekki úthverfi Akranes. Krossland var því ekki talinn vera valkostur í þessu samhengi. Sú staðsetning væri ekki nægilega miðlæg og

auk þess við bæjarmörk Akraness. Meira að segja heyrðist það sjónarmið hvort ekki ætti að láta Skagamönnum eftir Krosslandið.

Einnig var bent á hagkvæmni þess að byggja skóla, leikskóla og aðra þjónustu á sama stað og stjórnsýsluhús og samnýta bæði byggingu og starfsfólk.

Aðgerðir/leiðir

Almenn samstaða var um það að staðsetning stjórnsýslunnar eigi að vera á Hagamel. Það var einnig samdóma álit þeirra sem þátt tóku í vinnuhópnum að mikilvægt sé að staðsetning stjórnsýslu, húsnæði og aðbúnaður, sé tilbúin áður en ný sveitarstjórn tekur til starfa næsta sumar.

Einnig var það nefnt að æskilegt væri að frambjóðendur í kosningunum í vor kæmu afdráttarlaust fram með skoðanir sínar í þessu máli fyrir kosningarnar. Er því ekki annað að sjá en að íbúarnir vilji í raun kjósa um þetta mál í vor.



Umfang stjórnsýslu

Nokkuð skiptar skoðanir voru um þörf á umfangi og fjölda starfsmanna í stjórnsýslu, en flestir voru sammála um að koma þyrfti í veg fyrir að stjórnsýslan þenjst of mikið út, sérstaklega til að byrja með.

Fram komu efasemdir um að fyrirbyggjandi tillögur um eitt stöðugildi sveitarstjóra og einn starfsmann myndi duga. Lágmark væri tveir starfsmenn auk sveitarstjóra. Nefnd voru störf eins og útreikningar húsaleigubóta og önnur félagsþjónusta sem er mjög mannfrek og væri gjarnan vanmetin.

Aðgerðir/leiðir

Flestir voru sammála um að ráða þyrfti sveitarstjóra í fullt starf og tvo starfsmenn að auki. Fara skyldi þó varlega í útpenslu stjórnsýslunnar umfram það sem nauðsynlegt væri. Samnýta má starfsfólk sem sinnir fjármálum og skrifstofuþjónustu t.d. hjá sveitarstjórninni, leikskóla, skóla og öðrum stofnunum. Fram kom hugmynd um sérstakan starfsmann til að sinna félags-, tólmstunda- og íþróttastarfi.

Auk þessa ætti nú að nýta tækifærið og efla faglega uppbyggingu þar sem stjórnýslan verður einfaldari og skilvirkari með einni yfirstjórn og færri nefndum. Meðal annars er hægt að fá sérstaka fjárveitingu úr Jöfnunarsjóði til þess að fjármagna endurskipulagningu stjórnýslu.

Á undan þessu þarf þó að gera vandlega greiningu á þörf nýs sveitarfélags fyrir starfsfólk og ákveða jafnvægi milli þess að ráða starfsfólk og bjóða þjónustuna út eða kaupa hana af öðrum.

Íbúalýðræði og jafnrétti

Í þessum málaflokkum var rætt um það hvernig almenningur geti haft áhrif á ákvarðanir og komið að ákvarðanatöku milli kosninga? Einnig var rætt um kynjahlutföll í sveitarstjórnnum.

Það var almenn skoðun hópsins að kjósa skuli um öll mikilvægari mál. Þá var talið æskilegt að halda regluleg íbúáþing til að gera lýðræðið virkara.

Einnig var rætt um hlutverk vefsins í þessu tilliti, og bent á að lýðræði virki ekki nema með öflugri upplýsingagjöf. Fram kom að því miður væru gagn aflutningamál ákveðin hindrun ennþá varðandi aukna rafræna stjórnýslu í sveitarfélaginu. Erfitt væri að tala um rafrænt lýðræði nema allir séu vel tengdir. Líklegt er þó að þetta ástand lagist.

Þá var staðan í sveitarstjórnnum við núverandi aðstæður talin óásættanleg frá kynjasjónarmiði. Alls sitja nú 20 manns í heildina í fjórum hreppsnefndum en af þeim eru aðeins 5 konur. Bent var á að nefndaskipan væri líklega jafnari.

Aðgerðir/leiðir

Efla þarf íbúalýðræði með reglubundnum kosningum og/eða atkvæðagreiðslum um mikilvæg mál. Halda þarf regluleg íbúáþing og íbúafundi þar sem íbúar geta sagt sína skoðun.

Nýta þarf internetið og upplýsingatæknina til að efla lýðræðið. Þetta má m.a. gera með því að halda úti vandaðri heimasíðu sveitarfélagsins, og innleiða rafræna þjónustu og samskiptaferla. Einnig mætti prófa rafrænar atkvæðagreiðslur á netinu.

Til þess að þetta verði framkvæmanlegt þarf að bæta fjarskiptasamband verulega á svæðinu.

Hvatt er til þess að konur bjóði sig fram í auknum mæli til sveitarstjórnar og annarra trúnaðarstarfa í sveitarfélaginu. Réttu þarf af ójafnvægi milli kynja sem nú er.

3.4. Áherslur unga fólksins

Eins og fram kom í inngangi þá kynntu nemendur úr Heiðarskóla hugmyndir sínar um framtíðarsveitarfélagið áður en vinnuhópar hófu störf á Íbúáþinginu. Þetta voru nemendur í 9. og 10. bekk skólans og höfðu þeir unnið að undirbúningi verkefnisins í rúma viku fyrir kynninguna, bæði saman og í minni starfshópum. Það voru síðan þrír nemendur úr þeirra hópi sem kynntu niðurstöðurnar með aðstoð fleiri nemenda og kennara á sjálfu íbúáþinginu. Kynning þeirra og áherslur vöktu verðskuldaða athygli og því full ástæða til að nefna nokkrar þeirra hér að neðan.



Nemendum var tíðrætt um það hversu löngum tíma þau þurfa að eyða í skólabílnum á hverjum degi og vildu því gjarnan að fundnar yrðu leiðir til þess að stytta skólaakstur, hvort sem væri með bætum vegum eða öðrum leiðum. Nefndu þeir sérstaklega að bæta þurfi vegina um Svínadal og Melasveit. Einnig var bent á að það vantaði bæði reiðvegi og hjóltreidastíga á svæðinu.

Unga fólkíð var sammála öðrum vinnuhópum hvað varðar aðstöðuleysi og bággt ástand skólabyggingarinnar í Heiðarskóla. Lögðu þeir áherslu á að úr því þyrfti að bæta og þá sérstaklega að bæta aðstöðu fyrir íþróttir, tómstundir, tónlistarnám, félagslíf, auk þess sem það vantaði tæki og tól fyrir verklegt nám. Þá mætti tengja námið betur við atvinnu svæðisins eins og landbúnað og hestamennsku. Þau lögðu mikla áherslu á að það vantaði félagsmiðstöð fyrir ungt fólk í sveitina og spurðu hvort ekki mætti nýta félagsheimilin í þess konar starfsemi. Einnig var nefnd sú hugmynd að koma á fót líkamsræktarstöð fyrir almenning á svæðinu, sem einnig gæti verið rekin í tengslum við félagsheimilin eða sundlaugarnar tvær.

Unglingarnir ræddu einnig mikið um nauðsyn þess að boðið væri upp á skipulagðar rútuferðir um svæðið og í þéttbýlið – var þar sérstaklega nefnd leiðin “Hlíðarbær-Hagamelur-Skagi”. Unga fólkíð er mikið á netinu og því lagði það einnig áherslu á að bæta þyrfti nettengingar verulega, bæði hraða, flutningsgetu og öryggi. Svo vantaði fleiri sjónvarpsrásir á svæðið og eitt af því fyrsta sem skaut upp kollinum í hópavinnunni í aðdraganda íbúáþingsins var skortur á sjoppu. Sem ekki fellur alveg að hugmyndum fullorðna fólksins um sjoppulaust skólaumhverfi.

3.5. Hugmyndabankinn

Á meðan á íbúáþinginu stóð lá frammi hugmyndabanki eða kassi þar sem þátttakendur gátu skrifað niður hugmyndir og sett í kassann. Þarna var leið fyrir þá sem frekar vildu koma á framfæri skriflegum hugmyndum fremur en leggja þær fram í umræðum í hópunum. Í hugmyndabankann bárust þrjár tillögur:

Aðstaða til líkamsræktar að Hlöðum

“Uppástunga um nýtingu á herbergi sem er innaf inniklefum sundlaugar. Þar mætti setja upp tæki, t.d. hjól, hlaupabretti, þrekkæki, lóð o.fl. Fólk gæti svo keypt kort og notað sundlaugarklefa. Það mætti hafa þetta opið samhliða lauginni á sumrin og á veturnar mætti vera opið kannski 3-5 sinnum í viku, part úr degi. Þá þyrfti auðvitað starfsmann til að líta til með þessu, en það er e.t.v. orðinn of mikill kostnaður? Ég gæti jafnvel gefið kost á mér í þetta starf. Með von um góð viðbrögð.” GM.

Reiðhöll

“Stórlega vantar reiðhöll á svæðið. Sveitarfélagið þarf að stuðla að því að íbúar í sveitarfélaginu hafi aðgang að reiðhöll.”

Sveitaskóli á Hagamel

“Ég legg til að skóli verði staðsettur á Hagamel, með tilliti til veðurfars. Hann á að vera sveitaskóli. Hagamelur er í miðju nýja sveitarfélaginu og þar er fyrir leikskóli. Gallinn við Krosslandið er nálægðin við Akranes. Byggjum nýjan skóla og gerum hann glæsilegan. Byggjum hann þannig að boðið verði upp á tónlistarnám og íþróttir í honum.”



Viðauki A

Dagskrá íbúapings

Íbúaping sunnan Skarðsheiðar

Framtíð í þínum höndum!
Hvert skal stefna?

Haldið í félagsheimilinu Hlöðum 14. janúar 2006.

Dagskrá

10.45 Opnun – tónlistarflutningur.

11.00 Ávarp – Haraldur Benediktsson formaður Bændasamtakanna og bóndi á Vestri-Reyni.

11.15 Nemendur í Heiðarskóla lýsa framtíðarsveitarfélaginu.

11.35 “Hvað sérðu með þínum augum”, Gísli Einarsson fréttamaður flytur pistil.

11.55 Kynning á fyrirkomulagi vinnuhópa – Sigurður Tómas Björgvinsson, ráðgjafi.

12.00 Vinnuhópar taka til starfa.

12.45 Matarhlé.

13.15 Vinnuhópar starfa áfram.

15.15 Kaffihlé og tónlistarflutningur.

15.30 Samantekt á umræðum og niðurstöðum dagsins.

16.00 Íbúapingi slitið.

Fundarstjóri: Hallfreður Vilhjálmsson, oddviti Hvalfjarðarstrandahrepps.